

Samkeppni um skipulags- og grunnhönnun  
á nýjum stúdentagarði / stúdentahóteli á lóð  
Gamla Garðs við Hringbraut 29

**Desember 2016**



Félagsstofnun  
Stúdentanna



ARKITEKTAFÉLAG  
ÍSLANDS

## Efnisyfirlit

<b>1. Kynning</b> .....	<b>3</b>
<b>1.1 Útbjóðandi</b> .....	<b>3</b>
<b>1.2 Aðdragandi</b> .....	<b>3</b>
<b>1.3 Markmið</b> .....	<b>3</b>
<b>1.4 Sjónarmið dómnefndar</b> .....	<b>4</b>
<b>1.5 Tegund og tilhögun samkeppni</b> .....	<b>4</b>
<b>1.6 Verðlaun</b> .....	<b>4</b>
<b>1.7 Tungumál</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Lýsing verkefnis</b> .....	<b>5</b>
<b>2.1 Almenn atriði</b> .....	<b>5</b>
<b>2.2 Keppnissvæðið</b> .....	<b>5</b>
<b>2.3 Lóð, aðkoma og umhverfi</b> .....	<b>5</b>
<b>2.4 Byggingar</b> .....	<b>5</b>
<b>2.5 Starfsemislýsing</b> .....	<b>5</b>
<b>3. Tæknileg tilhögun samkeppninnar</b> .....	<b>6</b>
<b>3.1 Þátttökuréttur</b> .....	<b>6</b>
<b>3.2 Afhending keppnisgagna - þáttökugjald</b> .....	<b>6</b>
<b>3.3 Keppnisgögn</b> .....	<b>7</b>
<b>3.4 Keppnistillögur</b> .....	<b>7</b>
<b>3.5 Fyrirspurnir</b> .....	<b>7</b>
<b>3.6 Skoðunarferð</b> .....	<b>8</b>
<b>3.7 Skilafrestur, merking og afhending tillagna</b> .....	<b>8</b>
<b>3.8 Dómnefnd og ritari dómnefndar</b> .....	<b>8</b>

<b>3.9</b>	<b>Trúnaðarmaður</b> .....	<b>9</b>
<b>3.10</b>	<b>Úrslit</b> .....	<b>9</b>
<b>3.11</b>	<b>Sýning</b> .....	<b>9</b>
<b>3.12</b>	<b>Varðveisla keppnistillagna</b> .....	<b>9</b>
<b>3.13</b>	<b>Hagnýting keppnistillagna</b> .....	<b>10</b>
<b>3.14</b>	<b>Samþykki keppislýsingar</b> .....	<b>10</b>

# 1. Kynning

## 1.1 Útbjóðandi

Félagsstofnun stúdenta Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík efnir til samkeppni um skipulags- og grunnhönnun á nýjum stúdentagarði / stúdentahóteli á lóð Gamla Garðs við Hringbraut 29 samkvæmt keppnislýsingu þessari og gildandi samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

## 1.2 Aðdragandi

Gamli Garður var tekinn í notkun 1934, byggður og fjármagnaður af stúdentum sjálfum og er elsti stúdentagarður FS. Saga hússins er skemmtileg og merkileg, en húsið var hannað af Sigurði Guðmundssyni arkitekt. Húsið sjálft hefur sterk einkenni sem höfð voru í heiðri þegar húsið var endurgert árið 2014. Uppbygging við húsið þarf að tala vel við þetta gamla fallega hús og þjóna þeim sem þar munu búa í lengri og skemmri tíma.

Gamli Garður er eitt af kennileitum borgarinnar og stendur við aðalaðkomu að háskólasvæðinu. Reiturinn er fallegur en jafnframt viðkvæmur þar sem hann stendur við eina fjölförnustu götu borgarinnar og líka við margar af eldri byggingum háskólasvæðisins. Þarna eru Aðalbygging Háskóla Íslands og Gamli Garður nánast hlið við hlið og Þjóðminjasafnið rétt fyrir ofan. Þar sem að mörgu er að hyggja við undirbúning og hönnun viðbygginga á þessum reit ákvað Félagstofnun stúdenta að leita til Arkitektafélags Íslands um aðstoð með að koma á almennri samkeppni um skipulags- og grunnhönnun á reitnum.

## 1.3 Markmið

FS leggur áherslu á fjölbreyttar og metnaðarfullar hugmyndir um byggingu stúdentagarðs á þessum stað sem myndar sterka byggingarlega heild með núverandi byggingum á svæðinu. Staðsetning bygginga falli sem best inn í umhverfið og skyggi sem minnst á núverandi byggingar en fái samt að njóta sín sem nútímaleg bygging. Byggingarnar skulu hafa líflegt en samt látlaust yfirbragð sem undirstrikar að þarna býr ungt fólk. Við hönnun skal huga að hagkvæmni í byggingu og rekstri.

Einnig skal hafa í huga að samnýta megi nýbygginguna/nýbyggingar, að öllu leyti eða að hluta með Gamla Garði, t.d. hvað varðar aðgengi og móttöku. Í Gamla Garði er í dag ekkert aðgengi fyrir hreyfihamlaða, þ.m.t. engin lyfta.

Nýr stúdentagarður þarf að nýttast jafnt til skammtíma- og lengri tíma búsetu. Samsetning íbúa getur verið ansi fjölbreytt, en þar er um að ræða erlenda og íslenska stúdenta og aðra gesti háskólasvæðisins. Þar ber helst að nefna sumarstúdenta, ráðstefnugesti, gestakennara og starfsfólk í rannsóknnum.

Áherslur í byggingu og nýtingu skulu vera í takt við þá stefnu FS að auka lífsgæði stúdenta. Með byggingu stúdentagarða á síðustu árum (Skjólgarður við Brautarholt, Oddagarða við Sæmundargötu og Skógargarða í Fossvogi) hefur það verið haft að leiðarljósi að byggja samfélag þar sem íbúar eiga í miklum og reglulegum samskiptum en séu ekki einangraðir í híbýlum sínum. Innra skipulag, inngangar,

gangar, sameiginleg rými innandyra og stærð herbergja/íbúða hafa tekið mið af þessum hugmyndum. Sameiginleg rými skulu vera björt og aðlaðandi og hvetji til samveru íbúa. Stúdentagarðar eru meira en bara þak yfir höfuðið, búseta þar á að vera upplifun. Hugað skal að mannlífi bæði innan- og utandyra og að líf þeirra sem þarna dvelja verði betra, þægilegra, líflegra og skemmtilegra. Uppbygging við Gamla Garð skal byggja á þessum áherslum FS.

#### 1.4 Sjónarmið dómnefndar

Eftirtalin atriði verða metin við yfirferð dómnefndar á úrlausnum:

- Að heildaryfirbragð hönnunar endurspegli framsækna byggingarlist.
- Að byggingin falli vel að umhverfi sínu og skyggi sem minnst á aðliggjandi byggingar, þ.m.t. Gamla Garð og Aðalbyggingu Háskóla Íslands.
- Að skipulag lóðar falli vel að húsinu og aðliggjandi byggingum.
- Að efnisval stuðli að hóflegum rekstrar- og byggingarkostnaði.
- Að hönnun kalli á góða nýtingu rýma, þ.m.t. sameiginleg rými og fjölda herbergja.
- Að innra og ytra fyrirkomulag sé sannfærandi og hvetji til samveru íbúa.
- Að hönnun byggingar falli vel að stefnu FS um uppbyggingu stúdentagarða.

#### 1.5 Tegund og tilhögun samkeppni

Samkeppnin er almenn framkvæmdakeppni og er opin öllum þeim sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar sbr. gr. 3.1. Útbjóðandi er að leita að lausn, sem getur orðið að veruleika þegar lokið hefur verið við deiliskiplagsbreytingu á svæðinu. Stefnt er að því að samið verði við höfund 1. verðlauna um verkið ef viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda. Deiliskipulag mun verða unnið í samráði við viðkomandi hönnuð og borgaryfirvöld. Málsmeðferð deiliskipulagsins er í höndum skipulagsfulltrúa.

#### 1.6 Verðlaun

Veitt verða verðlaun að heildarfjárnæð 7.500.000 kr. Fyrstu verðlaun verði 4.000.000 kr. önnur verðlaun 2.500.000 kr. og þriðju verðlaun 1.000.000 kr. Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Dómnefnd er jafnframt heimilt að veita viðurkenningu fyrir athyglisverðar tillögur.

Útbjóðandi hyggst nýta sér niðurstöðu samkeppninnar og reiknað er með að sú hugmynd er hlýtur 1. verðlaun verði útfærð skv. keppnislýsingu þessari.

#### 1.7 Tungumál

Tungumál þessarar samkeppni er íslenska. Allur texti innsendra tillagna skal vera á íslensku.

## 2. Lýsing verkefnis

### 2.1 Almenn atriði

Með samkeppni þessari er leitað að hugmyndum um góða hönnun að stúdentagörðum við Gamla Garð. Hugmyndin verður grunnur að breytingu á deiliskipulagi og að nýrri byggingu/nýjum byggingum.

Aðgengi hreyfihamlaðra skal vera sem best verður á kosið bæði að innan og við húsin.

Þátttakendum er bent á byggingarreglugerð og sérstaklega kafla 6.10 í sem fjallar sérstaklega um byggingu stúdentagarða. Ennfremur eru þátttakendur hvattir til að kynna sér þær byggingar sem Félagsstofnun stúdenta hefur byggt á undanförunum árum.

### 2.2 Keppnissvæðið

Heildarstærð samkeppnissvæðisins er 7.255 m<sup>2</sup> í norður-austurhluta háskólasvæðisins og liggur við Hringbraut til norðurs. Á lóðinni eru Gamli Garður (Hringbraut 29), sem er 1.790 m<sup>2</sup> að stærð, og Stapi bygging Háskóla Íslands (Hringbraut 31) sem er 1.693 m<sup>2</sup> að stærð. Reiturinn afmarkast af Hringbraut til norðurs og Sæmundargötu til austurs. Stærð lóðahlutar fyrir nýjar byggingar er um 2.790 m<sup>2</sup> (sjá fskj. A). Í tillögunni skal gera ráð fyrir að heildarbyggingarmagn nýbygginga verði að hámarki 3.500 fermetrar.

### 2.3 Lóð, aðkoma og umhverfi

Huga skal að útsvæði fyrir allan reitinn og þá helst mót suðri eða með sól sem lengst af deginum. Útivistarsvæði skuli nýtast til félagslegra samskipta íbúa. Gönguleiðir á svæðinu tengist öðrum reitum háskólasvæðisins, bæði fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Horft skal til þess að aðkoma af Hringbraut inn Sæmundargötu er ein aðalaðkoma að háskólasvæðinu. Ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóð fyrir íbúa en huga þarf að aðkomu fyrir neyðar- og sjúkrabíla.

Gera þarf ráð fyrir niðurgröfnum sorpgámum (svokölluðum djúpgámum) á lóðinni með góðri aðkomu fyrir sorpbíla. Gert er ráð fyrir flokkun sorps í fimm flokka.

### 2.4 Byggingar

Bygging/byggingar skulu falla vel að umhverfi sínu og byggingum á svæðinu. Einnig skal hún vera hagkvæm bæði í byggingu og rekstri. Huga skal að því, samhliða nýbyggingu, að koma aðgengismálum við Gamla Garð í ákjósanlegt horf, t.d. með samtengingu, að hluta eða öllu leyti, eða með samnýtingu innganga.

### 2.5 Starfsemislýsing

Ásókn í skammtímabúsetu á stúdentagörðum hefur aukist verulega að undanförunu. Líkt og á Gamla Garði er gert ráð fyrir að búseta á nýjum stúdentagarði geti orðið til skemmri tíma eða lengri tíma, eftir þörfum hvers íbúa. Byggingin geti einnig hýst

ráðstefnugesti á vegum Háskóla Íslands, hvort sem er á venjubundnum starfstíma háskólans eða yfir sumartímann.

Á aðkomuhæð skal vera aðstaða fyrir einn starfsmann sem tekur á móti gestum í skammtímabúsetu að sumarlagi. Einnig skal gera ráð fyrir rými til samveru fyrir íbúa/gesti.

Í sameign þarf að gera ráð fyrir þvottahúsi, pósthúsi, hjólageymslu, geymsluskáp fyrir hvert herbergi, tæknirými og annarri aðstöðu sem krafist er skv. byggingareglugerð. Pósthús er svæði þar sem póstkassar allra íbúa eru á einum stað. Í þvottahúsi skulu vera samnýtanlegar þvottavélar og þurrkarar, 1 þvottavél fyrir hver 15 herbergi og 1 þurrkari fyrir hver 30 herbergi. Í hjólageymslu skal gera ráð fyrir geymslu fyrir 1 reiðhjól fyrir hvert herbergi auk aðstöðu til smáviðgerða.

Eldhús verði sameiginleg og gætu nýst sem hluti af sameiginlegum vistarverum/samkomusal. Hvert eldhús skal að hámarki þjóna 10 herbergjum en gætu verið samliggjandi. Fyrir hver 10 herbergi skal hvert eldhús að lágmarki innihalda kæli, frysti, eldavél, bakaraofn, örbylgjuofn, uppþvottavél og 1 þurrskáp fyrir hvert herbergi. Geymslurými skal vera fyrir almennan eldhúsbúnað. Í tengslum við eldhús skal vera aðstaða til að borða í félagsskap við aðra íbúa.

Á hverri hæð skulu vera einstaklingsherbergi með sér baðherbergi með sturtu, salerni og handlaug. Æskileg stærð herbergis og baðs er um 14-16 m<sup>2</sup> að innanmáli. Gera skal ráð fyrir rúmstæði minnst 90 cm. að breidd, skrifborða- aðstöðu, rými fyrir stól og 2 innbyggða fataskápa. Gera skal ráð fyrir litlum kælikáp í hverju herbergi. Reikna skal með að hluta úr ári geti verið tvö einstaklingsrúm (90 cm.) í herberginu (gistiheimili). Fjöldi herbergja skiptir máli hvað varðar rekstrarhagkvæmni og skal tillagan taka mið af því.

### 3. Tæknileg tilhögun samkeppninnar

#### 3.1 Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa félagar í Arkitektafélagi Íslands, og aðrir þeir, sem hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd.

Þeir þátttakendur, sem ekki hafa leyfi til að leggja aðaluppdrætti fyrir byggingarnefnd, skulu tryggja sér löggiltan samstarfsaðila.

Auk dómnefndarmanna og ritara dómnefndar, er þátttaka óheimil þeim, sem rekur teiknistofu með dómnefndarmanns, vinnur að verkefnum með honum eða er honum nátengdur. Vafatilfelli skal bera undir stjórn AÍ/samkeppnisnefnd AÍ.

#### 3.2 Afhending keppnisgagna

Keppnislýsing verður aðgengileg á vef AÍ.

Keppnisgögn verða afhent af trúnaðarmanni.

### 3.3 Keppnisgögn

1. Keppnislýsing þessi.
2. Aðrir uppdrættir:
  - a. Myndir af svæðinu (2 stk.)
  - b. Teikningar af Gamla Garði (17 teikningar)
  - c. Teikning frá Landmótun (1. stk)
3. Tölvugrunnur af svæðinu

### 3.4 Keppnistillögur

Keppendur skulu skila eftirtöldum gögnum:

1. **Greinargerð.** Lýsir megininntaki tillögunnar, helstu forsendum og markmiðum og gerð grein fyrir helstu stærðum, uppbyggingu og efnisnotkun. Greinargerðin skal koma fram á tillöguuppdráttunum, en henni skal einnig skila í 6 eintökum í arkastærðinni A4. Heimilt er að birta smækkuð afrit uppdráttanna í greinargerð.
2. **Skipulagsuppdráttur**, með norður upp, í mkv. 1:2000
3. **Afstöðumynd**, með norður upp, í mkv. 1:500
4. **Grunnmyndir allra hæða** í mkv. 1:200, sem sýna t.d húsgögn, helstu stærðir o.s.frv.
5. **Skurðmyndir** í mkv. 1:200 sem lýsandi eru fyrir tillöguna
6. **Útlitsmyndir af öllum hliðum** í mkv. 1:200
7. **Fjarvíddar- og rúmteikningar** sem lýsandi eru fyrir tillöguna. Skila skal að minnsta kosti inn þrívíddarmynd sem sýnir ásýnd háskólasvæðis frá Hringbraut, horft til vesturs og sýnir afstöðu húss gagnvart Aðalbyggingu Háskóla Íslands og Gamla Garði.

Óheimilt er að skila inn líkani af tillögunni.

Teikningar skulu vera í stærð A1 (59,4x84,1 cm) á ógegnsæjum pappír eða upplímdar á pappa/frauðplast. Allur texti skal vera ritaður á vélrænan hátt. **Tillöguarkir, þar með taldar arkir með greinargerð, mega ekki vera fleiri en 4. Tillögur skulu einnig berast á minnislykli.**

### 3.5 Fyrirspurnir

Fyrirspurnir skal senda til trúnaðarmanns dómnefndar fyrir 31.1.2017.

Hann mun leggja afrit af þeim fyrir dómnefndina. Trúnaðarmaður sendir síðan öllum skráðum keppendum, allar fyrirspurnir, ásamt svörum dómnefndar til þess heimilisfangs, sem gefið var upp þegar keppnisgögn voru sótt.

Svör við fyrirspurnum munu liggja fyrir 7.2.2017.



### 3.6 **Skoðunarferð**

Skoðunarferð fyrir þátttakendur verður skipulögð af trúnaðarmanni um svæðið og Gamla Garð. Til að gæta samræmis í upplýsingagjöf milli þátttakenda yrði um sameiginlega ferð að ræða, þriðjudaginn 3.1.2017 kl 14.

### 3.7 **Skilafrestur, merking og afhending tillagna**

1. Tillögum skal skila til trúnaðarmanns, á skrifstofu Arkitektafélags Íslands að Aðalstræti 2, 101 Reykjavík eigi síðar en **1.3.2017** kl. 16:00 að íslenskum tíma.

Trúnaðarmaður tekur á móti tillögum á milli 14:00-16:00, en þeir sem óska að skila tillögum fyrir þennan tíma, skulu hafa samráð við trúnaðarmann.

Við afhendingu tillögu til trúnaðarmanns fær keppandi kvittun merkta auðkennistölu tillögunar.

2. Nægilegt er að tillögum sé komið í póst eða flugafgreiðslu fyrir lok skilafrests, enda skal vottorð um það frá hlutaðeigandi afgangslumanni sent til trúnaðarmanns.

Auk framanskráðs skal keppandi tilkynna trúnaðarmanni innan sólarhrings að tillaga hafi verið send.

Í tilkynningunni skal koma fram auðkennistala tillögunar. Tillögum verður ekki veitt viðtaka lengur en fimm dögum eftir að skilafresti lýkur.

Aðsendar tillögur skal senda á heimilisfang trúnaðarmanns, sjá lið 3.8 hér að aftan. Kvittun fyrir móttöku aðsendra tillagna verður send með tölvupósti.

3. Auðkenna skal öll tillögugögn með fimm stafa tölu í reit 2 x 5 cm í hægra horni að neðan. Ógegnsætt umslag, merkt sömu tölu og "nafnmiði", skal fylgja tillögunni. Í umslaginu skal vera miði með nafni, heimilisfangi og símanúmeri höfundar eða höfunda og samstarfsmanna.

Teikningar verða hengdar upp í tvöfaldri röð, 120 cm á hæð, og skal gerð grein fyrir upphengingu í hægra horni að neðan.

Tillögum skal skila ósamanbrotnum og í flötum umbúðum. Umbúðir tillögu skal merkja á sama hátt og tillöguna og á þær skal ritaður fjöldi tillögublaða.

Teikningum í ramma eða gleri verður ekki veitt viðtaka.

4. Ófrávíkjanleg skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og nafnleyndar sé gætt skv. samkeppnisreglum Arkitektafélags Íslands.

### 3.8 **Dómnefnd og ritari dómnefndar**

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

Haukur Agnarsson, formaður dómnefndar, tilnefndur af stjórn FS.

Eydís Blöndal, tilnefnd af stúdentaráði Háskóla Íslands.

Ebba Þóra Hvannberg prófessor, tilnefnd af Háskóla Íslands.

Guðrún Ingvarsdóttir arkitekt, tilnefnd af AÍ.

Páll Gunnlaugsson arkitekt, tilnefndur af AÍ.

Perla Dís Kristinsdóttir arkitekt, tilnefnd af AÍ.

Sigurður Hallgrímsson arkitekt, tilnefndur af FS.

Ritari dómnefndar er Hákon Örn Arnþórsson tækni- og eignastjóri FS.

Dómnefnd áskilur sér rétt til þess að kalla til ráðgjafa.

### 3.9 Trúnaðarmaður

Trúnaðarmaður tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands:

Nafn: Helga Guðjónsdóttir

Heimilisfang: Aðalstræti 2, 2. hæð

Sími/gsm: 7802228 / 8483306

netfang: ai@ai.is

Öllum fyrirspurnum og athugasemdum skal beint til trúnaðarmanns.

### 3.10 Úrslit

Áætlað er að dómnefnd ljúki störfum fyrir, **15.3.2017**.

Strax og nafnleynd hefur verið rofin verður höfundum verðlaunatillagna sérstaklega tilkynnt um niðurstöður dómnefndar.

Fréttatilkynning um úrslit verður birt fjölmiðlum. Í henni kemur fram hvaða tillögur voru verðlaunaðar og hverjir eru höfundar þeirra. Jafnframt verður þess getið ef um innkeyptar eða athyglisverðar tillögur er að ræða.

Dómnefnd mun leggja áherslu á, að gefa út heildarumsögn um keppnina. Keppendur geta ekki vænst þess að dómnefnd gefi sérálit á sérhverri tillögu.

### 3.11 Sýning

Haldin verður sýning á öllum keppnistillögum, sem uppfylla skilyrði keppinnar, við fyrsta tækifæri eftir að dómnefnd hefur lokið. Tillögurnar verða sýndar undir höfundarnafni.

### 3.12 Varðveisla keppnistillagna

Hönnunarsafn Íslands mun fá allar samkeppnistillögur afhentar til varðveislu að sýningu lokinni. Eigendur tillagna munu hafa aðgang að þeim að höfðu samráði við starfsfólk safnsins.

### 3.13 Hagnýting keppnistillagna

Útbjóðandi eignast verðlaunaðar og innkeyptar tillögur og allan rétt til að nýta þær með þeim takmörkunum sem höfundarlög setja, en gerir sérstakan samning við höfund eða höfunda um hönnun þegar og ef framkvæmt verður eftir tillögunni.

Reiknað er með, að samið verði við höfund(s) fyrstu verðlauna, sbr. 16. grein samkeppnisreglna AÍ., ef viðunandi samkomulag næst milli hans og útbjóðanda.

Falli útbjóðandi frá frekari áformum um að framkvæma skv. tillögu er hlýtur 1. verðlaun, eða óski að ráða annan hönnuð til verksins en dómnefnd hefur mælt með, skal greiða verðlaunahafa 1. verðlauna bætur vegna verkefnissmissis, sem nemur fjárhæð 1. verðlauna.

Útbjóðandi hyggst gefa tillögurnar út í heild sinni, ef þær þykja áhugaverðar að mati dómnefndar. Útbjóðandi öðlast rétt til slíkrar útgáfu án þess að greiða höfundum tillagna sérstaklega fyrir útgáfuréttinn.

### 3.14 Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi ásamt samkeppnisreglum AÍ er grundvöllur keppinnar.

Keppnislýsingin er samþykkt af útbjóðanda keppinnar, dómnefndarmönnum og stjórn Arkitektafélags Íslands.

Reykjavík 21.12.2016

Fyrir hönd Arkitektafélags Íslands



---

Nafn, formaður AÍ

Fyrir hönd dómnefndar



---

Nafn, formaður dómnefndar